



LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

**Ársskýrsla
2009**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Framkvæmdir árið 2009.....	1
Framkvæmdaáætlun 2010.....	5
Fundargerðir rágjafanefndar 2009.....	6
Fundargerðir stjórnar LNH 2009.....	19

Fylgigögn

Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2003 til 2009

Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2009

Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Í lögum um landgræðslu nr. 17/1965 segir m.a. í þriðja kafla og 17. grein að „sá, sem landsspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.“ Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapast um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati en tveir verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á.

Framkvæmdir árið 2009

Framkvæmdir 2009 fólust í dreifingu á áburði og fræi á lítt gróið land og styrkingu á eldri sáningum og dreifingum, bæði uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Brú. Alls voru notuð **225 tonn af áburði** á um **1552 hektara** lands. Samtals var **1180 kg af grasfræi** sáð á áreyrnar og í rofabörð á heiðinni.

Áburðar- og frædreifing á áreyrar fór fram dagana 26. og 27. júní eða um leið og fært var yfir álana. Áburðardreifing upp á heiði var framkvæmd dagana 29. júní til 6. júlí. Samið var við sömu verktaka og á árunum á undan, þá Snæbjörn V. Ólason á Hauksstöðum og Benedikt Arnórsson á Hofteigi. Að auki var Agnar Benediktsson í vinnu hjá þeim. Dreifingin gekk afar greiðlega fyrir sig.

Frá 22. júní til 6. ágúst starfaði unglingahópur úr vinnuhópi Landsvirkjunar við uppgræðslustörf fyrir Landbótasjóð N-Héraðs eins og gert var ráð fyrir í samkomulagi milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar N-Héraðs frá árinu 2002.

Heiðin

Borin voru **139,6 tonn af áburði** á um **1017 hektara** af heiðarlandi. Sáð var **75 kg** af húðuðum túnvingli í rofabörð. Það magn skiptist á eftirfarandi staði:

Brú

Alls var um 24,6 tonnum af áburði dreift í landi Brúar á um 228 hektara. Borið var á svæði við Grænöxl, austan Djúpagils, við Garðá, innan við vörður og við Þverárvatn með góðum árangri. Svæðið við Þverárvatn er sendið og virkt rofsvæði þannig að mikilvægt er að halda áfram að styrkja það með áburði og reyna að loka rofsárunum sem fyrst og stoppa fokið.

Vaðbrekkuháls

Notuð voru 4,2 tonn af áburði til að styrkja 25 ha af uppgræðslusvæðum austan í Vaðbrekkuhálsi. Borið er á sitthvort svæðið í hálsinum annað hvert ár.

Unglingahópur Landsvirkjunar vann að uppgræðslu ofan við brúna í Vaðbrekkuhálsendanum. Þar var uppgræðslan tengd við gróið land og hefur áður verið áberandi fok upp úr þeim svæðum.

Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal báru verktakarnir 12 tonn af áburði og 75 kg af húðuðu túnvingulsfræi á melasvæði og í rofabörð í fjallshlíðinni, alls á um 77 hektara.

Unglingahópur bar á og sáði í rofabörð við Hústóft. Einnig bar hann á og sáði í rofabörð sem liggja dreift milli Vaðbrekku og Aðalbóls, t.d. beggja megin við Skænudalsá. Árangurinn er góður.

Skænudalur

Alls voru borin á 9 tonn af áburði á Skænudal á um 81 hektara. Unglingahópurinn bar á rofabörðin ofan vegar.

Faxahús

Hér voru borin á 10,8 tonn á 67 hektara. Aðallega var unnið á syðsta svæðinu og auk þess var borið í grafninga í fjallshlíðinni.

Laugarvellir

Borin voru á 10,8 tonn af áburði á um 77 hektara í Laugarvallardal sem er óðum að gróa upp vegna uppgræðsluaðgerða. Unglingahópurinn fór að vinna í rofabörðum og upp að gílinu á svæðum sem eru ekki aðgengileg tækjum.

Grunnvatnsalda

Alls var um 6 tonnum af áburði dreift á Grunnvatnsöldu á um 60 hektara, borið á um 100 kg á hektara.

Sænautasel

Það svæði hefur hentað vel sem „gildra“ fyrir kindur þannig að lögð hefur verið áhersla á að styrkja hluta af svæðinu á hverju ári. Í ár voru borin á 23,7 tonn af áburði á um 158 hektara. Rofabörðin sem liggja meðfram svæðinu eru í uppgræðslu hjá unglingahópnum.

Botnahraun og Jökuldalsheiði milli vega

Borin voru á 29,8 tonn af áburði á um 190 hektara. Í hluta af svæðinu í Botnahrauni hefur Landgræðslufélag Héraðsbúa áður staðið fyrir uppgræðsluaðgerðum. Í góðu samkomulagi við það félag hefur Landbótasjóður N-Héraðs borið á það svæði núna. Þar eru sendnir melar og rofabörð sem þarf að styrkja meira. Svæðið kemur vel út eftir áburðardreifinguna.

Skjöldófsstaðir með Gilsá

Í ár var byrjað á nýju svæði sem liggur meðfram Gilsá upp á heiðinni í landi jarðarinnar Gilsá við Skjöldófsstaði. Þar eru melar og lág rofabörð í jaðrinum. Borin voru á 7,8 tonn af áburði á um 48 ha. Árangurinn af aðgerðum sumarsins er vel sýnilegur.

Arnórsstaðarmúli

Borin voru á 0,9 tonn af áburði á um 6 hektara svæði. Einnig var borið á stærra svæði þar í gegnum framlag til bænda á Arnórsstöðum.

Uppgræðsla unglingahópsins

Frá og með 22. júní til og með 6. ágúst vann um 5 manna hópur úr unglingavinnu Landsvirkjunar að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Hópurinn vann 4 dagar vikunnar og gisti í gistihúsum nálægt aðgerðarsvæðum. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og krakkarnir skiptust eitthvað út eftir hverja viku. Uppgræðslusvæðin sem unglingarnir unnuðu á eru illa aðgengileg tækjum og þar með nauðsynlegt að unnið sé með höndum. Svæðin voru m.a. í fjallshlíðinni í Hrafnkelsdal, á Vaðbrekkuhálsi, í Laugarvallardal, rofabörð við Múla, í rofajaðrinum í Sænautaseli, við Ánavatnið og á rofsvæði á Jökuldalsheiði milli vega. Alls

voru borin á **6,8 tonn af áburði** og sáð **600 kg** af túnvingulsfræi á um **22 hektara** lands. Af þessum áburði var reyndar 0,6 tonnum dreift við Þríhyrningsvatn af áhugamönnum.

Áreyrar Jökulsár

Lögð var áhersla á að styrkja þau svæði sem byrjað var að græða upp og taka ný svæði til viðbótar. Í heild fóru **48,6 tonn af áburði** og **475 kg af fræi** á um **294 hektara**. Frætegundir sem voru notaðar voru 415 kg af óhúðuðum beringspunti og 60 kg af túnvingli. Allar sáningar voru valtaðar.

Mikil væta var í júlí sem hefur verið gott fyrir uppgræðsluna. Reynslan gefur til kynna að þegar áin er undir 40 rúmmetrum við Hjarðarhaga væri hægt að komast á flest svæðin.

Áreyrar Jökulsár – Fossvellir

Á eyrinni fyrir neðan Fossvelli var borið á 1 tonn af áburði og sáð 75 kg af beringspunti á um 5 hektara svæði.

Áreyrar Jökulsár – Hrafnabjörg

Þetta er nýtt uppgræðslusvæði sem fékk 3,8 tonn af áburði og 120 kg af beringspunti og 60 kg af túnvingli. Aðgerðarsvæðið nemur um 16 hektörum. Árangur þar er misgóður.

Áreyrar Jökulsár – Litli Bakki

Alls var um 7,1 tonnum af áburði dreift á um 57 hektara. Austast á elsta uppgræðslusvæðinu sem hefur bara fengið áburð og aldrei fræ er áfram fjölbreyttur gróður og verður það svæði útskrifað í bili. Nýrst var ekkert gert sumarið 2009 en sáningar frá því á árinu á undan koma vel út, svæðið er slitið í sundur af vatni og lagt er til að bera áfram á það svæði á næsta ári. Innst er ekki eins góður árangur og styrkja þarf það svæði með áburði á næsta ári.

Áreyrar Jökulsár – Surtssstaðareyrar – Hallgeirsstaðir

Hér eru margar eyrar, í heild 56 hektarar sem fengu 9,7 tonn af áburði og 80 kg af beringspunti. Hallgeirsstaðareyrar eru grófar, sendnar eyrar. Það flæddi yfir þessar eyrar í fyrra haust. Sumarið 2008 var heilsáð í svæðið og sumrið 2009 var aftur sáð beringspuntsfræi í sandskellur. Sáðgresið hefur ekki komið alveg samfellt upp en árangur telst samt vera ágætur. Á Surtssstaðareyrum er árangurinn góður en sandskaflar eru inn á milli. Það svæði hefur ekki farið undir vatn.

Áreyrar Jökulsár – Galtastaðir

Borin voru á 10,8 tonn af áburði og sáð 60 kg af beringspunti. Aðgerðarsvæðið í ár nemur 65 hekturum. Mikill sandur og fok er á svæðinu og melgresið sem var sáð árið á undan hefur ekki komið samfellt upp. Austanmegin kemur beringspuntur ágætlega upp. En nýrst er nær enginn árangur en þar var ekkert gert sumarið 2009 vegna lélegs árangurs frá því á árinu á undan. Líklegt er að klakinn hefur haft hamlandi áhrif á árangur þar.

Áreyrar Jökulsár – Hólmatunga

Borin voru á 16,2 tonn af áburði og sáð 80 kg af beringspunti á 95 hektara. Sáð var aftur í sendin svæði og borið á önnur lítt gróin svæði. Yfirleitt er góður árangur en fáar sáningar inn á milli voru lélegar. Töluverð jarðvegsskán hefur myndast á þeim svæðum þar sem gróðurinn er að dafna og vaxa og sandur stoppar í gróðrinum. Neðan Hlíðargarðs er oftast of mikið vatn í ánni þannig að það er erfitt að komast á þetta svæði. En það fýkur úr svæðinu og þarf að skoða hvað hægt er að gera.

Framlag til bænda

Á þessu ári var **30 tonnum af áburði** veitt til bænda til uppgræðslu í eigin landi á um **219 hekturum**. 2,4 tonn fóru í Hákonarstaði, 2,4 tonn í Eiríksstaði, 4,8 tonn í Arnórsstaði, 4,8 tonn í Mælivelli, 2,4 tonn í Teigarsel, 2,4 tonn í Hnefilsdal, 6 tonn í Möðrudal og 4,8 tonn í Merki en þar var einnig sáð **30 kg** af túnvingulsfraei.

Árangur

Árangur uppgræðslunnar í heild hefur verið góður enda nægileg væta á þessum slóðum á liðnu sumri. Mikill fengur er að hafa fengið unglingarhópin til liðs sem vinnur mikilvæg störf á svæðum þar sem vélar komast ekki að. Að auki er þessi vinna gefandi og lærdómrík fræðsla um gróður og jarðveg fyrir þátttakendur. Uppgræðslan á áreyrum hefur gengið misjafnlega. Aðferðirnar bera árangur en áin setur sumstaðar strik í reikninginn væntanlega vegna þess að ísjakar hlaðast upp á veturnar og ná þá að rífa hluta gróðursins með sér burt.



Surtsstaðaráreyrar 22.5.08



Surtsstaðaráreyrar 21.8.09



Múli 26.6.08



Múli 25.6.09. Sumarið 2008 var einungis borið á neðan vegar, s.s. hægra megin.



Eyrar við Litla Bakka 16.6.09, gróðurinn fangar sandinn.



Melgresið reynir að halda lifi á sandfokssvæði á Galtastaðaráreyrum, 21.8.09.



Rofabarð í Múla sem unglingar eru að græða upp, 18.9.09



Uppgræðslusvæðið við Faxahús í fjarska, 18.9.09

Framkvæmdaáætlun 2010

Í töflu hér að neðan er að finna áætlun eftir svæðum fyrir sumarið 2010.

Svæði	Áburður tn	Fræ kg
Áreyrar	40	m 150 b 300-400 t 100
Unglingar	7,2	t 600
Bændur	30	
Brú	24,6	
Hrafnkelsdalur	6	
Vaðbrekkuháls	4,8	
Skænudalur	9	
Hallarfjall	0	
Faxahús	10,8	
Laugarvallardalur	0	
Múli	4,8	
Sænautasel	24	
Grunnvatnsalda	6	
Jökuldalsheiði milli vega	26	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	7,8	
Samtals	201	

Fundargerðir ráðgjafanefndar 2009

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Fellabær, 22. janúar 2009 kl 13:00

Mættir: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

- Arnór sagði frá fundi sjóðsstjórnar í desember þar sem hann og Guðrún voru mætt og las upp fundargerðina.
- Dagbjartur greindi frá nýjum útreikningum Landsvirkjunar þar sem gert er ráð fyrir að yfirfall úr Hálslóni verði í 21 af 22 árum.
- Farið var yfir hugleiðingar vegna áætlunar næsta sumars en ekki er hægt að gera nákvæma áætlun fyrr en áburðarverð liggur fyrir og vitað er hversu mikinn áburð sjóðurinn getur keypt.
- **Áreyrar Jöklu:**
 - Arnór sagði frá gagnrýni einstaklings á uppgræðslunni á áreyrum Jöklu. Fé sem fer að bíta nýgræðing á uppgræðslusvæðum kemur upp að sauðfjárveikivarnargirðingunni. Það fannst manninum sérstakt umhugsunarefni þar sem garnaveiki hefur greinst á bæjum í Jökulsárhlið.
 - Þó að ráðgjafarnefndin hafi ekki náð að skoða áreyrar síðastliðið haust hefur Arnór skoðað uppgræðslunar þar að einhverju leyti. Hann segir að yfirleitt virðist vera góður árangur af sáningum að undanskildum melgresisfræjum. Það þarf reyndar ekki að örvænta strax þar sem melgresisfræ kemur stundum ekki upp fyrr en árið eftir sáningu.
 - Fræmagn á áreyrar þarf að meta út frá árangri en samt er mikilvægt að ákveða sem fyrst magn og tegund fræja sem þarf næsta sumar og panta hjá Landgræðslunni. Auk þess að styrkja eldri sáningar með áburði væri æskilegt að sá einnig á ný svæði. Ef stefnt væri að sá í um 100 ha þarf um 1,4 tn af óhúðuðu fræi. Guðrún ætlar að athuga hjá Landgræðslunni um fræbirgðir og hvenær þarf að panta.
 - Rætt var um áburðarmagn á hektara sem þarf að bera á sáningar á áreyrar.
 - Til umræðu var að stefna á 60 tn af áburði á áreyrar en nákvæmt magn þarf að ákveða þegar áburðarverð liggur fyrir.
 - Landsvirkjun tók engar myndir af áreyrum síðastliðið sumar eins og áætlað var.
- **Bændadreifing:**
 - Fundarmenn voru sammála um að leggja áherslu á að þær uppgræðslur á vegum bænda sem hafa hingað til fengið styrk úr sjóðnum verða áfram styrktar. Fjárhagslega aðstæður sjóðsins bjóða ekki upp á það að bæta fleiri þátttakendum í þennan hóp. Mikilvægt er að stilla magn áburðarins á hvern stað við stærð dreifara þannig að ekki þurfi að fara langa leið með t.d. hálffullan dreifara.
- **Heiðin:**
 - Ljóst er að draga þarf úr heildaráburðarmagni sem fer á heiðina.
- Rætt var um fyrirkomulag við unglingavinnu Landsvirkjunar. Dagbjartur sagði að umsóknarfrestur væri til 29. febrúar n.k. Þetta verða um 20 krakkar í heild, 6 til 8 krakkar í hverjum hópi. Víða eru uppgræðsluverkefni sem eru ekki aðgengileg tækjum eins og í bröttum hlíðum og skriðum í Hrafnkelsdal og víða í Laugarvallardal. Einnig benti Guðrún á að Landgræðslufélag Héraðsbúa hefur áhuga á að nota unglingahópinn í sína uppgræðsluvinnu. Ákveðið var að Dagbjartur kynni sér kostnað við að hafa einn hóp í einn dag og síðan verður gerð áætlun um fjölda daga miðað við upphæðina sem var skilgreind í samkomulagi Landsvirkjunar og þáverandi virkjunarnefndar N-

Héraðs. Haft verður samband við Landgræðslufélag Héraðsbúa og stefnt að því að Landbótasjóður N-Héraðs og Landgræðslufélag Héraðsbúa sendi inn sameiginlega umsókn. Gera þarf ráð fyrir áburði og fræi í unglingaverkefni. Einnig var rætt um að Landgræðslan væri með fræðslu um landgræðslumál fyrir unglingahópinn. Athuga þarf hvaðan fjármagnið komi til að greiða með umsjónarmanni unglingana.

- Ársreikningar sjóðsins verða tilbúnir upp úr næstu mánaðarmótum.
- Ársskýrslan verður með svipuðu sniði og áður. Guðrún dreifði áfangaskýrslu um aðgerðir árið 2008 sem verður m.a. lögð til grundvallar ársskýrslunni.
- Skráningar verktaka hafa verið nokkuð góðar en má bæta í einstökum tilfellum.
- Ákveðið var að funda næst þegar áburðarverð liggur fyrir.

Fundi slitið kl 15:30. Fundarritari var Guðrún Schmidt

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Fellabær, 04. mars 2009 kl 14:00

Mættir: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Áreyrar:

- Ráðgjafanefndin leggur til að teknar verða myndir af áreyrunum næsta sumar þegar áin er komin á yfirfall svo hægt verði að sjá hvaða svæði fari undir vatn.
- Ákveðið var að áætla 1 tonn af fræi á áreyrnar, 800 kg af 2. flokki af óhúðuðum beringspunti, og 200 kg af óhúðuðum túnvingli.

Ársskýrsla:

- Lagt er til að ársskýrslan verði með svipuðu sniði og undanfarið, m.a. með niðurstöðum ársreikninga.

Unglingavinna:

- Gróflega útreiknað getur Landbótasjóður N-Héraðs verið með 5 manna hóp vinnuskólakrakka Landsvirkjunar í 4 dagar á viku í um 10 vikur. Aðalverkefni þeirra væri að bera á áburð og fræi í rofabarðasvæði, t.d. í hlíðum Hrafnkelsdals og í Laugarvalladal. Sumstaðar þarf að raka fræið niður og á öðrum svæðum væri einnig ráðlagt að stinga niður rofabörð. Auk þess þurfa krakkarnir og fá kynningu og fræðslu. Áætlað er að nota um 7,8 tonn af áburði og um 500 kg af húðuðu túnvingulsfræi í verkefni unglinganna.

Beitarmál:

- Sagt var frá því að áætlun um að uppgræðslur virki að einhverju leyti eins og „gildrur“ hafi gengið eftir þannig að breytingar hafa orðið á því hvar sauðfé gengur. Féð fer styttra inn úr og sem dæmi má nefna að svokallað Breiðastykki, um og innan við Þríhyrning er orðið nánast fjárlaust.

Fundi slitið kl 15:30. Fundarritari var Guðrún Schmidt.

Við tók fundur hjá stjórn sjóðsins sem ráðgjafanefndin sat einnig til kl 17:00, sjá fundargerð sjóðsstjórnar.

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Fellabær, 19. mars 2009 kl 13:00

Mættir: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- Farið var í gegnum smá breytingu á síðustu fundargerð
- Rætt var um framlag sjóðsins til bænda og landbætur þeirrar í sambandi við gæðastýringu í sauðfjárrækt. Bændadreifing byrjaði sumarið 2006. Í fyrra var dreift 26,4 tn á vegum bænda. Sjóðsstjórnin leggur til 25 tn til bænda á þessu ári og biður ráðgjafanefndina að gera tillögu um skiptingu milli bænda. Ráðgjafarnefndin leggur til eftirfarandi tillögu sem inniheldur hækkun á heildarmagni til bænda í 30 tn:

Svæði	áburður tn
Möðrudalur	6
Hákonarstaðir	2,4
Eiríksstaðir	2,4
Arnórsstaðir	4,8
Hnefilsdalur	2,4
Merki	4,8
Teigasel	2,4
Mælivellir	4,8
samtals	30

- Skoðað var nánar hugsanlegt fyrirkomulag við unglingavinnu Landsvirkjunar:
 - Kostnaður við verkstjórn
 - Mögulegt húsnæði fyrir krakkana, t.d. Aðalból, Sænautasel, Skjöldólfsstaðir, vinnubúðir Landsvirkjunar
 - Lagt er til að unnið verði í Hrafnkelsdal, Laugarvallardal og á Jökuldalsheiði
 - Tillögur að hugsanlegum tímasetningum: GS byrjar með kynningu fyrir vinnuskólakrakkana í annari viku í júní, vinnuskólinn byrjar í uppgræðsluvinnu 15. júní, eru í Hrafnkelsdal í júní og gistimöguleiki er m.a. á Aðalbóli. 6. júlí til og með 28. júlí munu krakkarnir vinna á Jökuldalsheiði og í Laugarvallardal, gistimöguleikar eru á Skjöldólfsstöðum, í Sænautasel og í vinnubúðum við Kárahnjúkar.
- Gerð var eftirfarandi tillaga að framkvæmdaáætlun fyrir sumarið 2009:

Svæði	Áburður tn	Fræ kg
Áreyrar	60	1000
Unglingar	7,8	500
Bændur	30	
Brú	34,8	
Hrafnkelsdalur	4,8	
Vaðbrekkuháls	4,8	
Skænudalur	9,6	
Hallarfjall	0	

Faxahús	10,6	
Laugarvallardalur	12	
Múli	0	
Sænavatn	9,6	
Grunnvatnsalda	6	
Jökuldalsheiði milli vega	30	
Samtals	220	1500

- Um 25 til 30 eintök þarf af ársskýrslunni

Fundi slitið kl 16:00. Fundarritari var Guðrún Schmidt.

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 16. júní 2009

Þann 16. júní fóru Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna aðstæður og ræða um aðgerðir sumarsins.

Áreyrar fyrir neðan Litla Bakka:

Norðaustursvæðið þar sem eingöngu var borið á, aldrei sáð:

- Mikið var af gæsapörum með unga á svæðinu
- Góður árangur af uppgræðslu, gróðurþekjan eykst, töluverð jarðvegsskán hefur myndast og gróðurfarið er fjölbreytt (t.d. geldingahnappur, eyrarrós, víðir, grös, hrossanál og ljónslappi)
- Foksandur safnast saman í gróðrinum
- Ákveðið var að sleppa áburðargjöf í ár en athuga með næsta ár



Svæðið norðan kilsins þar sem var borið á bara einu sinni:

- Góður árangur af sáningu, sérstaklega í förum valtarans
- Hluti svæðisins var undir vatni í vor
- Yst á eyrinni var ekkert gert
- Mælt er með að bera á það svæði í ár

Landnámseyri, eyran neðan við landnámstún í landi Stóra Bakka, ekki stórt svæði:

- Árangurinn er lélegur, sáðgresi hefur aðallega spírað í dældum
- Ástæður fyrir lélegum árangri gætu verið að svæðið er fremur þurrt og mölin er grófari og þar með er erfiðara að valta
- Svæðið er ekki efst í forgangs röðun, lítið um rof

Áreyrar neðan raflínanna við Galtastaði:

- Mestöll eyrin var undir vatn bæði haust og vor
- Mikið sandfok er á eyrinni

Melgresissvæði:

- Melgresið hefur ekki myndað samfellu heldur bara náð sér upp á einstaka bletti
- Mjög mikill sandur er á svæðinu sem hefur kannski kaffært melgresið, einnig getur vatnið haft áhrif á melgresið
- Þar sem melgresið kom upp er það strax byrjað að safna sandi
- Bera þarf góðan skammt af áburði á melgresið í sumar



Beringspuntutssvæðið:

- Góður árangur af sáningu nema alveg nyrst þar sem varla sást stingandi strá
- Áin hefur væntanlega eyðilagt sáninguna nyrst
- Sleppa að bera á nyrsta svæðið en bera á hitt í ár

Áreyrar neðan Surtstaða:

- Yfirleitt góður árangur
- Lélegur árangur á einstaka svæðum, annaðhvort hefur sandurinn kæft gróðurinn eða áhrif árinna voru of mikil
- Áberandi mikil jarðvegsskán hefur myndast þar sem heyi var dreift fyrir tveimur árum
- Bera þarf aftur á svæðin þar sem árangurinn var góður
- Austast er nýtt sáningarsvæði sem gott væri að græða upp á næstunni

Áreyrar við Hólmatungu

Hér bættist Viggó Már Eiríksson frá Fögruhlíð í hópinn til að leiðsegja um svæðið. Viggó var að vinna á veltara við sáningu síðasta árs.



- Góður árangur af uppgræðsluáðgerðum
- Ekki hefur verið borið samfellt á svæðið og eru eyður inn á milli sem þarf að taka með í næstu dreifingu
- Einnig þarf að bera aftur á gömlu uppgræðslusvæðin
- Töluvert er af vel grónum gróðureyjum inn á milli
- Gott værir að stækka uppgræðslusvæðið í ár

Eftir þessa skoðun var ráðgjafarnefndin sammála um það að uppgræðsluáðferðir sem hafa verið notaðar á áreyrnum bera góðan árangur en að áin setur sumsstaðar strík í reikningin. Líklegt er að ísjakar hlaðist upp á sum uppgræðslusvæðin að vetri og rífi svo gróðurinn með sér við hreyfingu.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað, 25. júní 2009

Þann 25. júní fóru Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um stórann hluta af uppgræðslusvæðum Landbótasjóðs Norður-Héraðs á heiðinni til að kanna árangur og aðstæður og ræða um aðgerðir sumarsins. Helstu niðurstöður úr þeirri ferð voru eftirfarandi:

- Brú utan Þverár: ekki er mælt til þess að borið verði á það svæði í ár nema að unglingar bera í rofabörðin
- Brú við fjárhúsin: það svæði þarf ekki áburð í ár.



- Brú innan girðingar: bera á vestasta hluta innan girðingar í ár.

- Vaðbrekkuháls: lagt er til að borið verði á austan megin í hálsnum.
- Hrafnkelsdalur:
 - o Reyna þarf að loka þeim svæðum meðfram veginum þar sem díla- og vatnsrof er.
 - o Stóri Mór: gott værir að bera aftur á það svæði í ár.
 - o Fórum með Gísla á Aðalbóli að hitta unglingahóp Landsvirkjunar sem er að vinna við uppgræðslu fyrir Landbótasjóð N-Héraðs og voru þau að vinna í skriðuföllum við Aðalból.



- o Gísli ætlar að koma með heyrúllur til að dreifa í malarsvæði neðan við skriðurnar.
- o Vinnuskólinn getur unnið að uppgræðslu á „Hústófta“-svæðinu og einnig að bera á gamlar skriður sem fellu árið 2006.

- Einnig er ágætt að styrkja gróðurframvindu á eyrum í Hrafnkelsdal og bæta þar með beitina þar sem hún mun létta af beit á heiðinni.
- Skænudalur: Bera þarf á ofan vegar en sleppa neðan vegar.



- Faxahús: Það þarf ekki að bera á gömlu uppgræðslusvæðin nema á grafninga við fjallsbrúnina. Gísli á Aðalbóli á að ákveða í hvaða átt það værir best að stækka svæðið, nóg er til að lítt grónum melum.
- Laugarvallardalur: Bera þarf á eldri uppgræðslusvæðin auk þess að stækka svæðin. Vinnuskólinn getur unnið að uppgræðslu rofabarða og svæða sem eru óaðgengileg tækjum.
- Múli: Ekki þarf að bera á svæðið nema að vinnuskólinn ber í rofabörðin.
- Brú innan við Djúpagil: Uppgræðslusvæðið er ekki samfelld þannig að gott væri að bera á þau svæði sem eru inn á milli og hafa ekki fengið áburð hingað til.
- Brú: bera á svæðið utan við Garðá og fram að læk sunnan vegar, ekki bera á norðan vegar í ár.
- Meðfram Þverárvatni: Lagt er til að borið verði á í brekkuna ofan og neðan vegar þar sem sendin rofabörð eru.
- Grunnavatnsalda:



- Ágætt væri að bera á svæðið frá Grunnavatnslæk þar sem borið var á 2005 og 2006.
- Bera þarf á rofabörðin við vatnið
- Bera á nýja svæðið þar sem uppgræðsluaðgerðir hófust í fyrra
- Bera á í Skollavík
- Sænautasel: Styrkja svæðið sem virkar sem gildra auk uppgræðsluaðgerða í rofabörðum.
- Jökuldalsheiði milli vega: Vinna að því að tengja saman uppgræðslusvæðin
- Nýtt svæði: Eiríkur á Skjöldólfsstöðum lagði til að farið verði að vinna að uppgræðslu á nýju svæði sem liggur meðfram Gilsá upp á heiðinni í landi jarðarinnar Gilsá við Skjöldólfsstaði. Þar eru melar og lág rofabörð í jaðrinum. Ráðgjafarnefndin tekur undir með þessari tillögu Eiríks.

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar 25. júní 2009

Fundargerð

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar á Hreindýraslóðum Skjöldólfsstöðum kl 18:00, mætt: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson, Guðrún Schmidt, Guðmundur Ólason, Anna H. Bragadóttir og Björn Hallur Gunnarsson sem mætti í staðinn fyrir Eygló Ormarsdóttur síðar á fundinum.

Eftir að Guðmundur Ólason hafði boðið fundarmenn velkomna sagði Arnór frá skoðunarferðum ráðgjafarnefndar um áreyrar og um heiðina:

- Á Aðalbóli var farið með Gísla í skoðunarferð, m.a. til unglingahóps Landsvirkjunar sem er að vinna að uppgræðslu á skriðum fyrir Landbótasjóðinn. Einnig ætlar Gísli að dreifa heyrúllum á malarsvæðin neðan við skriðurnar.
- Fram kom að svæðið við Faxahús er ennþá ekki fært vélum vegna bleytu.
- Búið var að tala við hluta af landeigendum Laugarvalla vegna uppgræðslu á því svæði og eru þeir ekki á móti þessum uppgræðsluáðgerðum. Í Laugarvallardal er einnig gott að láta unglingahópin vinna í rofabörðum.
- Ekki verður borið á svæðið við Múla í ár nema af unglingunum sem munu dreifa áburði og fræi í rofabörðin.
- Fyrirhugað er að bera á innan girðingar við Brú, skipta á svæðinu innan hennar í tvennt og bera á til skiptis.
- Sótt var um að fá 1 sekk af áburði til að handdreifa við Þríhyrningsvatn og var ákveðið að verða við þeirri ósk.
- Meðfram Þverárvatni á að styrkja sendna rofsvæðið.
- Grunnavatnsaldan er orðin mjög vel gróinn, bera á utan við Grunnavatnslæk núna og einnig á nýja svæðið frá því í fyrra og við Skollavík.
- Bera þarf á „gildruna“ við Sænautasel, áætlað 9,6 tn.
- Unnið verður að því að tengja uppgræðslusvæðin sem liggja á Jökuldalsheiði milli vega.
- Unglingaflokkur Landvirkjunar hefur sýnt áhuga á því að taka svæði í fóstur og búið er að ræða við Steina á Skjöldólfsstöðum um svæði út með gamla veginum.
- Eiríkur á Skjöldólfsstöðum hefur áhuga á að farið verður að vinna að uppgræðslu á nýju svæði sem liggur meðfram Gilsá upp á heiðinni í landi jarðarinnar Gilsá við Skjöldólfsstaði. Tekið var undir með þessari tillögu.
- Á áreyrum við Litla-Bakka er góður árangur af uppgræðsluáðgerðum. Það virðist ekki skaða gróðurinn mikið að landið liggja undir vatni hluta árs en klaki virðist rífa gróðurinn upp. Lagt er til að borið verður á þetta svæði í ár nema á norð-austursvæðið. Lélegur árangur er á Landnámseyra og er lagt til að ekki verður borið á það svæði í sumar nema í mesta lagi á gróðurinn sem kominn er.
- Á Galtastaðareyri er árangur uppgræðslunnar misjafn. Mikill sandur er á svæðinu. Styrkja þarf vel þann gróður sem er kominn upp, sérstaklega melgresið.

- Góður árangur er af uppgræðslunni á Hólmatungueyrum. Bera þarf aftur á gömlu svæðin og sá í svæðin inn á milli.
- Á Surtssstaðareyrinni er góður árangur nema austast.
- Áin hefur væntanlega skemmt uppgræðsluna á Hallgeirsstaðareyrinni, líklega vegna of mikils straums og er lagt til að gera ekki neitt þar í sumar.
- Á Hrafnabjargareyrinni var einu sinni uppgræðslusvæði í gegnum „Bændur græða landið“. Lagt er til að stækka það svæði.
- Neðan við Breiðamörk er álitleg eyri sem kæmi til greina sem nýtt uppgræðslusvæði.
- Ekki á að bera á eyrar við Blöndubakkar í sumar.
- Væntanlega þarf minna af áburði og fræi á áreyrar en áætlað var. Hægt er að geyma fræið og að dreifa áburðinum á svæði í heiðinni.

Önnur mál sem voru rætt:

- Rætt var um uppgræðslu með seyru.
- Dagbjarti er falið að ganga eftir því að það verða teknar myndir af áreyrum úr lofti helst bæði fyrir og eftir yfirfall.
- Allar sáningar á áreyrum þarf að valta. Rætt var um að skipta þessari vinnu milli búnaðarfélaganna beggja megin fljóts. Ekki var búið að ræða við Landsvirkjun um það hvort þeir borgi völtunina.
- Fram kom sú hugmynd um að breyta uppgræðslusamningnum þannig að næstu kynslóðir fái að njóta hans s.s. að uppgræðsluaðgerðir munu dreifast yfir lengri tíma en 40 ár. Litið var svo á að það væri varla ráðlegt á meðan verið er að græða upp áreyrar til að stöðva sandfokið þar. Einnig kom fram ósk um að færa uppgræðsluna nær byggðinni.

Benedikt Arnórsson, Agnar Benediktsson og Snæbjörn Ólason mættu nú á fundinn.

- Áhugi er fyrir því að unglingarnir fái fræðslu um hvert svæði sem þau vinna á og að fá Pál á Aðalbóli til þess.
- Dreifingarmennirnir skýrðu frá því að þeir hafa fjárfest í tveim nýjum GPS tækjum sem eru öflugri en þau gömlu. Þau eru með 40 cm skekkjumörkum og skrá ferillinn samfelld og þéttari og gefa manni einnig upp næstu ferð miðað við vinnslubreidd.
- Arnór skýrði frá að hann fór ásamt Páli á Aðalbóli að skoða áreyrar innan við Brú. Þær eru grófar og lítið er um fok þannig að það ætti ekki að leggja áherslur á það svæði eins og er.

Í lok fundarins var borðaður kvöldverður.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 21. ágúst 2009

Þann 21. ágúst fóru Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna árangur af uppgræðsluaðgerðum sumarsins.

Hallgeirsstaðareyrar

- Ófært var á það svæði en horft var á það hinum megin frá ánni
- Þetta eru grófar eyrar en sandur á milli
- Í fyrra var heilsáð í svæðið og í sumar var aftur sáð beringspuntsfræi í sandskellur
- Það flæddi yfir þessar eyrar í fyrra haust
- Sáðgresið hefur ekki komið alveg samfelldt upp en árangur telst samt vera ágætur

Surtsstaðareyrar

- Árangurinn er góður en sandskaflar eru inn á milli
- Svæðið hefur ekki farið undir vatn
- Sandur rýkur úr eyrum utar, utan Breiðumarkar og er ágætt að stefna að því að byrja á því svæði á næsta ári, Siggi á Breiðumörk hefur áhuga á því



22.5.08



21.8.09

Hólmatungueyrar

- Stórt svæði
- Sáð var aftur í sendin svæði og borið á önnur lítt gróin svæði
- Yfirleitt góður árangur en fáar sáningar inn á milli voru með lélegan árangur
- Sandur stoppar í gróðrinum
- Töluverð jarðvegsskán hefur myndast á þeim svæðum þar sem gróðurinn er að dafna og vaxa
- Athuga þurfti svæðin austanmegin, nær Húsey, þar er töluvert sandfok
- Rok var á skoðunardegi og var hægt að sjá að sandur fýkur allstaðar þar sem enginn gróður er og engar uppgræðsluaðgerðir hafa verið gerðar en varla á þeim svæðum þar sem uppgræðslan er komin af stað



Hólmatungueyrar neðan Hlíðargarðs

- Oftast er of mikið vatn í ánni þannig að það er erfitt að komast á þetta svæði
- En það fýkur úr svæðinu og þarf að skoða hvað hægt er að gera

Hrafnabjörg

- Þar var sáð í fyrsta skipti í sumar
- Bæði góður og lélegur árangur



Neðan Hrærekslæks

- Töluvert sandfok er á því svæði og þarf að athuga hvort það er hægt að taka það svæði til uppgræðslu á næsta ári.

Neðan Galtastaðar

- Melgresið hefur ekki komið samfelldt upp
- Mikill sandur og fok er á svæðinu
- Nyrst er nær enginn árangur en þar var ekkert gert í sumar vegna lélegs árangurs frá því í fyrra
- Austanmegin kemur beringspundur ágætlega upp
- Næst þarf að bæta fræjum í nyrst og yst



Litli Bakki

- Austast á elsta uppgræðslusvæðinu sem hefur bara fengið áburð og aldrei fræ er áfram fjölbreyttur gróður og verður það svæði útskrifað í bili
- Nyrst var ekkert gert í sumar en sáningar frá því í fyrra koma vel út núna, svæðið er slitið í sundur af vatni, bera þarf áfram á það svæði á næsta ári
- Innst er ekki eins góður árangur og styrkja þarf það svæði með áburði á næsta ári



Mikil væta var í júlí sem hefur verið gott fyrir uppgræðsluna.

Reynslan gefur til kynna að þegar áin er undir 40 rúmmetrum við Hjarðarhaga væri hægt að komast á flest svæðin.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað, 18. september 2009

Þann 18. september fóru Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um stóran hluta af uppgræðslusvæðum Landbótasjóðs Norður-Héraðs á heiðinni til að kanna árangur af uppgræðsluaðgerðum sumarsins.

Unglingahópur Landsvirkjunar vann að uppgræðslu ofan við brúna í Vaðbrekkuhálsendanum. Þar var uppgræðslan tengd við gróið land og hefur áður verið áberandi fok upp úr þeim svæðum.

Danni á Vaðbrekku var að vinna að uppgræðslu á verstu rofabörðum á þessu svæði í gegnum verkefnið „Bændur græða landið“ í sumar.



Unglingavinnan utan við Aðalból var skoðað þar sem þau voru að bera á og sá í rofabörð við Hústóft. Einnig báru þau á og sáðu í rofabörð hér og þar milli Vaðbrekku og Aðalbóls, t.d. beggja megin við Skænudalsá. Árangurinn er góður.

Við skoðun á árangri uppgræðslunnar í Skænudal var lagt til að á næsta ári ætti að bera á neðstu svæðin. Unglingahópurinn bar á rofabörðin ofan vegar.

Horft var yfir uppgræðslusvæðið í landi Brúar milli Djúpagils og Rauðalækjar og virðist árangurinn vera ágætur.



Laugarvallardalurinn er óðum að gróa upp vegna uppgræðsluaðgerða. Hér ætti að bera á annað hvert ár. Unglingahópurinn fór í börðin og upp að gílinu.



Í Múlanum voru rofabörðin sem unglingarnir eru að græða upp skoðuð og var nefndin ánægð með árangurinn.



Nefndin leggur til að á næsta ári verður borið á foksvæði austast á Múlasvæðinu. Þar hefur bara einu sinni verið borið á og víðir er að breiða úr sér en enn er töluvert mikið af lausum sandi á svæðinu.

Árangurinn af uppgræðslu meðfram Þverárvatni er góður. Þar sem þetta er sendið og erfitt svæði þarf að halda áfram að styrkja það með áburði þannig að það taksist að loka rofsárunum sem fyrst og stoppa fokið.

Athuga þarf hversu oft svæðið milli vatna hefur fengið áburð og ákveða hvort það þarf að fá áburð aftur á næstunni eða hvort svæðið „útskrifast“ í bili.

Á Sænautaselssvæði voru rofabörðin sem eru alveg innst skoðuð og unglingarnir unnu að uppgræðslu þeirrar í sumar. Þetta eru há og sendin rofabörð og er lagt til að nota einnig hey til uppgræðslu þar.



Horft var yfir svæðið við Botnahraun sem kemur vel út.



Sáningar unglingahópsins í rofabörðin út með gamla þjóðveginum sást vel.

Nýja uppgræðslusvæðið hans Eiríks á Skjöldólfsstöðum var einungis skoðað úr fjarlægð en árangurinn var vel sýnilegur.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Fundargerðir stjórnar LNH 2009

Fundargerð 41. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 25.02 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal sveitarfélagsins Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Verkefni frá síðasta fundi:** Guðmundur Ólason fór yfir verkefni frá síðasta fundi sem honum voru falin. Hann hefur sett sig í samband við sparisjóðsstjórnann á Neskaupstað vegna endurskoðunar á vörslu sjóðsins. Rætt hefur verið við Landsvirkjun vegna sumarvinnu í sumar.
2. **Ársreikningur 2008** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og lagði fram drög að ársreikningi Landbótasjóðs 2008. Samkvæmt áætlun hefur sjóðurinn um 32 milljónir til ráðstöfunar árið 2009. Sigurði þökkuað koman og vék hann síðan af fundi.
3. **Áburðarkaup:** Guðmundi falið að óska eftir tilboðum í áburð allt að 240 tonnum fyrir 4.mars 2009 en stefnt er að fundi með ráðgjafanefndinni þann dag.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17.39

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 42. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 04.03 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir. Einnig voru mætt frá ráðgjafanefnd landbótasjóðs Arnór Benediktsson, Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson.

Fundur settur kl.15:30 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Áburðarkaup:** Tilboð hafa borist frá 3 aðilum vegna áburðarkaupa frá Áburðarverksmiðjunni/Fóðurlöndunni Sláturfélagi Suðurlands og Skeljungu. Ákveðið að ganga til samninga við Sláturfélag Suðurlands um kaup á 225 tonnum af áburði 2009. Sláturfélag Suðurlands greiðir flutning á áburðinum og gengur inn í samning Landbótasjóðs við Mælihl ehf um flutning á dreifingarsvæði.
2. **Verkefni sumarsins:** Ráðgjafanefnd hefur fundað um verkefni sumarsins farið var yfir verkefnin. Rætt um myndatöku á áreyrum, ársskýrslu og sumarvinnu unglunga, reiknað er með 7.8 tonnum af áburði í handdreifingu og 500 kg af fræi. Reiknað er með að kaupa um 1,5 tonn af fræi í sumar.
3. **Áburðardreifing/Bændadreifing:** Samþykkt að áburður til bænda/landeigenda verði á þessu ári um 25 tonn. Ráðgjafanefnd falið að leggja fram tillögur um skiptingu milli þeirra.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:00

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Arnór, Guðrún og Dagbjartur yfirgáfu fund áður en ákvörðun var tekin um áburðarkaup.

Fundargerð 43. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 11.03 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.14:30 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Áburðarkaup:** Frá síðasta fundi hefur Guðmundur verið í viðræðum við Sláturfélag Suðurlands um áburðarkaup. Upp hefur komið misstúlkun á tilboði frá Sláturfélagi Suðurlands og því ákveðið að falla frá fyrri ákvörðun stjórnar um áburðarkaup 2009. Stjórn Landbótasjóðs yfirfór aftur þau tilboð sem borist hafa og samþykkir að ganga til samninga við Áburðarverksmiðjuna/Fóðurlönduna um kaup á 225 tonnum af áburði 2009.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:30

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 44. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 03.04 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.13:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Bankamál:** Vilhjálmur Pálsson sparisjóðsstjóri í Neskaupstað mætti til fundar undir þessum lið. Vilhjálmur fór fram á breytingu á vaxtaálagi skv samningi við Landbótasjóð. Málin rædd og niðurstaðan er að Vilhjálmur sendir landbótasjóði tillögu að breytingu. Vilhjálmi þökkðu koman og vék hann síðan af fundi.
2. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2008:** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 279.935.935. Til ráðstöfunar á árinu 2009 eru áætlaðar 32 millj. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikning sjóðsins til ríkisendurskoðunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, Landsvirkjunar, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkðu koman og vék hann síðan af fundi.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:15

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Minnisblað Landbótasjóðs Norður Héraðs og ráðgjafanefndar 25.06 2009. Guðrún ritaði fundargerð fyrir ráðgjafanefndina.

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Anna H. Bragadóttir, Arnór Benediktsson, Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson. Björn Hallur Gunnarsson sem mætti síðar á fundinn.

Fundurinn var haldinn á Hreindýraslóðum Skjöldólfsstöðum kl 18:00 með ráðgjafanefnd sjóðsins til að fara yfir ýmis mál er snúa að áburðardreifingu og sáningu í sumar.

Ráðgjafanefnd hefur farið í skoðunarferð á uppgræðsluvæði farið var í Aðalból en þar er sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar að handdreifa áburði. Fyrirhugað er að dreifa einhverjum heyrúllum þar og einnig að fá krakkana til að þrengja að rofabörðum í Múlanum fyrir utan Reykjará. Fyrirhugað er að dreifa innan girðingar á Brú í sumar. Sótt var um áburð til að dreifa við Þríhyrningsvatn og ákveðið að verða við því. Sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar hefur áhuga á að taka svæði/land í fóstur og er það mjög jákvætt. Áhugi er á að dreifa á land Háreksstaða í sumar og verður áburður færður á milli svæða vegna þess. Hér mætir Björn Hallur til fundar.

Áreyrar við Litla Bakka. Árangur af uppgræðslu í fyrra þökkalega góður. Lagt er til að borinn verði áburður á eyrnar í sumar.

Landnámseyrar illa skemmdar, lagt er til að ekki verði mikið gert þar í sumar.

Galtastaðaeýrar, eldri uppgræðsla misjöfn. Lagt er til að bera áburð á þá bletti sem grónir eru. Spurning hvað verður gert við það svæði sem lítur verr út.

Hólmatunga: Góður árangur af eldri uppgræðslu. Bæta áburði og fræi á þau svæði sem vantar í sumar.

Bláeyri: Styrkja með áburði í sumar.

Surtsstaðaeýrar: Góður árangur nema austast. Dreifa áburði og fræi þar í sumar.

Hallgeirsstaðaeýrar, Árangur ekki góður, sennilega of mikill straumur. Ekki gera neitt það í sumar.

Hrafnabjörg, Bera á áburð þar í sumar og tengja við eldra svæði (Bændur græða landið).

Breiðumörk í athugun

Blöndubakkaeýrar ekki bera á þær í sumar.

Árbakki: Þar er í athugun annars konar uppgræðsla.

Reiknað er með að minnka áætlað áburðarmagn á áreyrum úr 60 í 50 tonn og frædreifing verður umtalsvert minni en gert var ráð fyrir.

Lögð er áhersla á að mynda áreyrar áður en áin fer á yfirfall í sumar. Dagbjarti falið að ganga eftir að þetta verði gert.

Fram kom hugmynd um að breyta uppgræðsluáætlun þannig að uppgræðsla dreifðist á lengri tíma en 40 ár. Það er ekki ráðlegt a.m.k. ekki meðan áreyrar eru í uppgræðslu.

Benedikt Arnórsson, Agnar Benediktsson og Snæbjörn Ólason mættu nú til fundar.

Hugmynd kom um fræðsluerindi fyrir sumarvinnuflokk Landsvirkjunar.

Ákveða þarf með kostnað á rúlludreifingu innan við Aðalból

Dreifingaraðilar hafa keypt sér 2 tæki til staðsetningar á áburðardreifingu og því þarf ekki að kaupa fleiri tæki að svo stöddu á vegum Landbótasjóðs.

Að endingu var borðaður kvöldverður.

Minnispunkta ritaði Anna Bragadóttir.

Fundargerð 45. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 25.06 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Anna H. Bragadóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Stjórn Landbótasjóðs kom saman eftir matinn til að fara yfir ýmis mál er fram komu á fundinum hér að framan.

1. Völtrun á áreyrum: Samþykkt að semja við Búnaðarfélag Hlíðarmanna um völtrun í sumar. Samþykkt að semja um völtrun við Búnaðarfélag Hróarstungu 2010 og 2011 eða um sambærilegt svæði og valtrað hefur verið árin 2007, 2008 og 2009.
2. Rúlludreifing: Samþykkt að semja við Landgræðslufélag Héraðsbúa um framkvæmd verksins
3. Fræðsla um sögu Heiðarinnar: Guðmundi falið að hafa samband við Georg Pálsson Fljótsdalsstöð vegna þessa.
4. Næsti fundur verður þegar kemur til uppgjörs á vinnu sumarsins.

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir.

Fundargerð 46. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 10.08 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.15:30 í Hótel Svartaskógi. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Verkefni sumarsins:** Stjórnin fór yfir verkefni sumarsins sem að mestu er lokið nema eftir er að dreifa heyrúllum innan við Aðalból, verður það gert á næstu dögum. Áburðardreifing og allt sem að því kom gekk mjög vel í sumar. Á all stórum

svæðum var áburðarskammtur minnkaður úr 180 kg. Í 110 kg sem þýðir að því magni er dreift á 35% stærra svæði. Stjórnin samþykkti að greiða verktökum 35% ábót á samningstaxta á þau 40 tonn sem dreift var með 110 kg aðferðinni á hektara. Endurskoða þarf samninga við áburðarverktaka fyrir næsta sumar þar sem útlit er fyrir að breyting geti orðið á áburðarmagni á hektara frá því sem var.

2. **Skoðunarferð:** Farin var skoðunarferð á áreyjar Jöklu ásamt formanni ráðgjafanefnar Arnóri Benediktssyni. Árangur uppgræðslunnar fer fram úr björtustu vonum.

Fundi slitið um kl 20:00

Fundargerð 47. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 04.12 2009

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.14:30 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.


1. **Fundargerðir 45 og 46 fundar:** Fundargerðirnar samþykktar og undirritaðar
2. **Staða verkefna:** Litið yfir farinn veg og horft til framtíðar. Fundarmenn óskuðu hver öðrum gleðilegra jóla árs og friðar.

Fundargerð lesin og staðfest.


Fleira ekki gert fundi slitið kl.15:00

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs

 2009 2008 2007 2006 2005 2004 2003


☐ vinnuskóli 2009



Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs

Aðgerðir eftir árum:

- 2009 grastegundir
- 2009 gróðurstyrking
- 2008 grastegundir
- 2008 gróðurstyrking
- 2007 gróðurstyrking



Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2009

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2009

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Við höfum kannað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirsagnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2009, hreinni eign hans 31. desember 2009, og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 10. mars 2010

Deloitte hf.

Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 15,3 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 11,9 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 23,6 millj. kr., og er ónýtt heimild til úthlutunar því alls 3,6 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2010 geti orðið u.þ.b. 21,1 milljónir króna auk þess sem nú er óráðstafað, eða alls um 24,7 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Brúarási, 10. mars 2010

Í stjórn

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2009

	Skýr.	2009	2008
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	3.090.778	2.353.026
Hreindýraarður		563.328	982.651
		<u>7.654.106</u>	<u>7.335.677</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	31.928.756	46.636.011
Fjármagnstekjuskattur	8	(3.994.942)	(4.663.601)
Vaxtagjöld	8	(2.411)	(4.039)
		<u>27.931.403</u>	<u>41.968.371</u>
		<u>35.585.509</u>	<u>49.304.048</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(23.593.375)	(18.798.048)
		<u>(23.593.375)</u>	<u>(18.798.048)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(5.729.106)	9.040.345
		<u>(5.729.106)</u>	<u>9.040.345</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	5	6.263.028	39.546.345
Hrein eign frá fyrra ári		<u>279.935.935</u>	<u>240.389.590</u>
Hrein eign í árslok	5	<u>286.198.963</u>	<u>279.935.935</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	57.763.689	63.492.795
		<u>57.763.689</u>	<u>63.492.795</u>
Kröfur			
Skammtímakröfur		399.630	351.214
		<u>399.630</u>	<u>351.214</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	228.035.644	216.108.376
		<u>228.035.644</u>	<u>216.108.376</u>
		<u>286.198.963</u>	<u>279.952.385</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Annar ógreiddur kostnaður		0	16.450
		<u>0</u>	<u>16.450</u>
Hrein eign		<u>286.198.963</u>	<u>279.935.935</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	3.616.275	11.921.595
Til ráðstöfunar síðar	5	282.582.688	268.014.340
Hrein eign samtals		<u>286.198.963</u>	<u>279.935.935</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	7.090.778	6.353.026
Aðrar innborgaðar tekjur	5	514.912	920.430
Innborgaðir vextir	8	27.933.814	41.972.410
		<u>35.539.504</u>	<u>49.245.866</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(23.609.825)	(19.436.992)
Vaxtagjöld	8	(2.411)	(4.039)
		<u>(23.612.236)</u>	<u>(19.441.031)</u>
Hækkun á handbæru fé		11.927.268	29.804.835
Handbært fé í ársbyrjun		<u>216.108.376</u>	<u>186.303.541</u>
Handbært fé í lok árs		<u>228.035.644</u>	<u>216.108.376</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greidd á 15 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 168.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2009	2008
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	168.000.000	164.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	15.315.561	12.962.535
Greitt alls.....	183.315.561	176.962.535
Framlög til og með árinu 2017.....	32.000.000	36.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	25.763.689	27.492.795
Óhafin framlög samtals.....	57.763.689	63.492.795
	241.079.250	240.455.330

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er að mestu ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2009	2008
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	268.014.340	237.108.286
Verðtrygging höfuðstóls	23.131.460	38.788.829
Laust til ráðstöfunar, 1/34 (1/35) hluti	(8.563.112)	(7.882.775)
	<u>282.582.688</u>	<u>268.014.340</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	11.921.595	3.281.304
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	8.563.112	7.882.775
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	6.161.615	18.572.913
Hreindýraarður	563.328	982.651
Ráðstafað á árinu	(23.593.375)	(18.798.048)
Óráðstöfuð heimild í árslok	<u>3.616.275</u>	<u>11.921.595</u>
Hrein eign samtals	<u><u>286.198.963</u></u>	<u><u>279.935.935</u></u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2009	2008
Vextir af bankareikningi.....	31.928.756	46.636.011
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.994.942)	(4.663.601)
Vaxtagjöld	(2.411)	(4.039)
	<u>27.931.403</u>	<u>41.968.371</u>

Skýringar og sundurliðanir

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	16.255.000	11.961.990
Aðkeypt vinna verktaka	4.709.364	3.734.158
Flutningskostnaður	1.303.119	1.665.567
Tækjaleiga	89.640	398.400
Vinnulaun	620.200	643.904
Akstur	104.880	0
Tryggingagjald	54.230	36.869
Lífeyrissjóður	49.616	46.528
Fundakostnaður	54.150	40.200
Bókhald og reikningsskil	353.176	270.432
	<u>23.593.375</u>	<u>18.798.048</u>